



## Minnisblað – Aðgerðir til viðspyrni vegna Covid-19

Málsnúmer:	2003070	Dags:	11.04 2020	Fjöldi bls.	2
Viðtakandi:	Bæjarstjórn Fjallabyggðar				
Dreifing:	Bæjarráð, deildarstjórar og aðrir er málið varðar				
Samið af:	Bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar og forseta bæjarráðs				

### Áframhaldandi viðbrögð Fjallabyggðar vegna Covid-19

Á 646 fundi Bæjarráðs Fjallabyggðar var undirrituðum ásamt forseta bæjarstjórnar og forseta bæjarráðs falið að móta tillögur að frekari aðgerðaáætlun bæjarfélagsins vegna Covid-19. Við mótun tillagna skyldi horft til fjárhags sveitarfélagsins, fjárhagsáætlunar, framkvæmdaáætlunar og hugmynda og ábendinga Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Þær aðgerðir sem samþykktar voru á fyrrnefndum fundi og bæjarfélagið hefur nú þegar gripið til felast að mestu í því að gefnir hafa verið gjaldfrestir, ekki verður innheimt fyrir þjónustu sem ekki er veitt ásamt og að aukið hefur verið við ýmsa vinnu svo sem þrif og annað. Afleiða þessa eru útgjaldaauki, tapaðar tekjur og tilfærsla á greiðslum sem hefur áhrif á sjóðstreymi.

Þó allir finni fyrir þeim efnahagsáhrifum sem Coovid-19 hefur á samfélagið í Fjallabyggð þá er ljóst að sú atvinnugrein sem á þessari stundu verður hvað mest fyrir barðinu á faraldrinum er ferðaþjónusta og tengdar atvinnugreinar. Til ferðaþjónustu verður að telja fyrirtæki sem hafa beinar tekjur af ferðamönnum, í Fjallabyggð spannar litróf þeirra fyrirtækja, stofnana mjög vítt svið.

Ljóst er að enn er mikil óvissa um afleiðingar farsóttar þeirrar sem hefur geisað um landið undanfarið og að mjög erfitt er að sjá fyrir efnahagslegar afleiðingar hennar. Sakir mikillar óvissu þá er það mat hópsins að horfa verði til framsettra tillagna sem eins af þeim skrefum sem taka þurfi og líklegt sé að grípa þurfi til fleiri ráða á komandi mánuðum.

Telja má líklegt að áætlun um tekjur bæjarfélagsins á yfirstandandi ári muni ekki standast, einnig er líklegt að launakostnaður muni fara fram úr áætlun vegna þess álags sem Covid-19 hefur í för með sér. Í einfaldri sviðsmyndagreiningu hvar gengið er út frá þeim forsendum að lækun skatttekna verði 5%, framlög jöfnunarsjóðs lækki um 15% og rekstrarkostnaður hækki um 5% lækkar áætlað veltufé frá rekstri um nálægt 50%. Helmingun áætlaðs veltufjár m.v. áætlun 2020 hefur augljóslega mikil áhrif á slagkraft sveitarfélagsins.

Á þessu stigi gerir starfshópurinn tillögu um eftirfarandi aðgerðir til viðbótar því sem nú þegar hefur verið gert.

#### 1. Ferðaþjónusta

- Efnt verði til samtals bæjarfélags og hagaðila í ferðaþjónustu með það að markmiði að fara í samvinnuá markaðsátak þegar dregið verður úr samkomubanni.
- Bæjarfélagið taki virkan þátt í markaðsstarfi Markaðsstofu Norðurlands.
- Fjallabyggð verði virkur þátttakandi í útfærslu og framkvæmd markaðsátaks stjórnvalda í ljósi Covid-19.

#### 2. Framkvæmdir

- Framkvæmdaáætlun ársins 2020 verði endurskoðuð
- Áhersla verði lögð á viðhaldsframkvæmdir á eignum sveitarfélagsins.
- Við val á verkefnum verði sérstaklega horft til þess að tryggja sem flestum atvinnu á svæðinu.
- Aukið fjármagn verði sett í sérstakt umhverfisátak sem snýr að fegrun bæjarfélagsins.

### 3. Rekstur bæjarfélagsins

- Staðin verður vörður um grunnþjónustu og velferð íbúa.
- Gerð verði regluleg sviðsmyndagreining um möguleg áhrif Covid-19 á rekstrarafkomu og sjóðsstreymi bæjarfélagsins og lögð fyrir bæjarráð.
- Greining verði gerð á mögulegum breytingum á fyrirkomulagi rekstrar stofnana og tillögur lagðar fyrir bæjarráð

Bæjarstjóra, deildarstjórum og forstöðumönnum stofnana er falið að vinna að nánari útfærslu þar sem við á og leggja fyrir bæjarstjórn/bæjarráð til samþykktar eða synjunar.

Virðingarfyllt  
f.h. starfshóps



bæjarstjóri